

## Innihald

1. Inngangur .....	1
2. Markmið .....	1
3. Umfang .....	2
4. Þátttakendur.....	2
5. Aðferð.....	2
i. Uppgjörsfundur .....	2
ii. Vinnuhópar .....	2
iii. Viðtöl við helstu heimildarmenn .....	2
iv. Blönduð aðferð.....	2
6. Endurskoðunarhópur .....	3
7. Undirbúningur .....	3
8. Framkvæmd.....	3
i. Greining .....	3
ii. Samkomulag um niðurstöðu .....	3
iii. Lok endurskoðunar.....	3
9. Lokaskýrsla .....	4

## 1. Inngangur

Í þessu skjali er aðferð við endurskoðun viðbragða við atburðum lýst í stuttu máli. Slík endurskoðun er breytileg eftir eðli og umfangi þess atburðar sem um ræðir hverju sinni. Tilgangur þessa skjals er að vera til stuðnings við skipulagningu á endurskoðuninni en í því eru aðeins sett fram helstu atriði sem gott er að hafa í huga. Ítarlegri umfjöllun má finna í leiðbeiningum Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar (WHO) – Guidance for After Action Review (AAR) (<https://www.who.int/publications/i/item/WHO-WHE-CPI-2019.4>), sem þetta skjal byggir á.

## 2. Markmið

Ákveða hver markmið endurskoðunarinnar eiga að vera.

Dæmi um algeng markmið:

- Meta getu núverandi kerfis til að undirbúa, fyrirbyggja, greina og bregðast við atburði
- Greina áskoranir og góða starfshætti sem komu í ljós við atburðinn
- Skrá og deila reynslu viðbragðsaðila og hagsmunaaðila
- Greina hvernig bæta megi núverandi kerfi og starfshætti
- Bæta viðbúnað, viðbragðsflýti og aðgerðaáætlanir

### 3. Umfang

Ákveða til hvaða þátta í viðbrögðunum endurskoðunin á að taka og hvaða tímabils.

Þegar ákvörðunin er tekin er gott að hafa í huga hvaða þættir reyndust vera áskorun og hvaða þætti þarf hugsanlega að endurskoða í verklagi

Dæmi um þætti sem algengt er að valdir séu til endurskoðunar:

- Fyrstu viðbrögð – tilkynningar og fyrstu varúðarráðstafanir
- Rannsóknir
- Samvinna og samskipti
- Upplýsingamiðlun
- Aðgerðir og varúðarráðstafanir

### 4. Þátttakendur

Ákveða hverjir eigi að taka þátt í endurskoðuninni. Ákvörðunin er tekin með hliðsjón af þeim markmiðum og umfangi sem ákveðin hafa verið.

### 5. Aðferð

Ákveða með hvaða hætti endurskoðunin skuli gerð.

Dæmi um aðferðir sem hægt er að nota:

#### i. Uppgjörsfundur

Þessi aðferð á við þegar um er að ræða lítinn atburð eða þegar takmarkaður fjöldi þátta í viðbrögðunum eru til skoðunar. Um er að ræða umræður sem leiddar eru af einum tilteknum aðila og taka innan við hálfan dag. Afraksturinn ætti að vera að allir í hópnum dragi einhvern lærdóm af atburðinum, stutt skýrsla er skrifuð og áætlun um úrbætur gerð.

#### ii. Vinnuhópar

Þessi aðferð á við þegar um er að ræða atburð sem tekur til fjölmenns og fjölbreytilegs hóps viðbragðs- og hagsmunaaðila, eða þegar margir þættir í viðbrögðunum eru til skoðunar. Þátttakendum er skipt niður í nokkra vinnuhópa sem ræða saman um tiltekin málefni. Samantekt á umræðunum er lögð fram fyrir alla þátttakendur og málin rædd sameiginlega. Þessi aðferð getur tekið nokkra daga. Afraksturinn ætti að vera að ólíkum hópum viðbragðs- og hagsmunaaðila gefst tækifæri til að tala saman og læra hver af öðrum, skýrsla um niðurstöður umræðna skrifuð.

#### iii. Viðtöl við helstu heimildarmenn

Þessi aðferð á við þegar þörf er á ítarlegri skoðun á atburði. Hún felur í sér rannsókn á gögnum, svo sem vísindagreinum, skýrslum og blaðagreinum. Að því loknu eru tekin einstaklingsviðtöl við helstu heimildarmenn eða þeim boðið að taka þátt í umræðum í rýnihópum. Upplýsinga getur einnig verið aflað með könnunum sem sendar eru til viðbragðsaðila. Þessi aðferð getur tekið margar vikur. Afraksturinn er ítarleg skýrsla.

#### iv. Blönduð aðferð

Þessi aðferð á við þegar endurskoðunin tekur til margra þátta en ekki er mögulegt að kalla alla samtímis saman í vinnuhópa. Viðtöl við helstu heimildarmenn ætti að taka áður en þátttakendur eru kallaðir saman til umræðna í vinnuhópum. Hópunum er kynntar niðurstöður viðtala áður en umræður fara fram. Afrakstur er skýrsla um niðurstöður sem hóparnir hafa komist að samkomulagi um.

## 6. Endurskoðunarhópur

Fjöldi starfsfólks við endurskoðunina fer eftir umfangi og aðferð en verkefni sem þarf að vinna eru m.a. yfirumsjón, umsjón með stjórnun umræðna, umsjón með viðtölum, ritun fundargerða og ritun skýrslu.

## 7. Undirbúningur

- Fara yfir öll gögn í málinu.
- Skilgreina helstu spurningar og umræðupunkta
- Boða fundi

## 8. Framkvæmd

Framkvæmd endurskoðunarinnar skiptist í þrjú hluta: greiningu þátttakenda á atburði, samkomulagi þátttakenda á niðurstöðu endurskoðunarinnar og mati þeirra á framkvæmd hennar.

### i. Greining

1. Auðkenning á þáttum sem fyrir voru, svo sem:
  - a. Áætlanir og stefnur
  - b. Búnaður og mannauður
  - c. Stjórnun og samræming
  - d. Varúðarráðstafanir (t.d. smitvarnir)
  - e. Annað
2. Tímalína helstu liða, svo sem:
  - a. Upphaf atviks
  - b. Uppgötvun atviks
  - c. Tilkynning atviks til MAST
  - d. Staðfesting atviks
  - e. Staðfest greining rannsóknarstofu
  - f. Upphaf viðbragða
  - g. Tilkynningar MAST til annarra
  - h. Lok atburðar
  - i. Upphaf endurskoðunar
  - j. Lok endurskoðunar
3. Auðkenning á styrkleikum og áskorunum (veikleikum)
  - a. Auðkenna góða starfshætti og áhrif þeirra á viðbrögðin
  - b. Auðkenna áskoranir (veikleika) og áhrif þeirra á viðbrögðin
  - c. Taka saman lista yfir aðgerðir sem þörf er á til að festa góða starfshætti í sessi, takast á við áskoranir og styrkja viðbúnað fyrir framtíðar viðbrögð
  - d. Lýsa nánar þeim aðgerðum sem þörf er á, hverjir bera ábyrgð á þeim, hvaða fjármagn, mannskap, búnað eða annað þarf og hvenær aðgerðum skal lokið og úrbætur innleiddar

### ii. Samkomulag um niðurstöðu

Draga saman niðurstöður umræðna um góða starfshætti, áskoranir o.fl. Biðja þátttakendur að samþykkja samantektina eða setja fram athugasemdir.

### iii. Lok endurskoðunar

Biðja þátttakendur að fylla út matsblað fyrir endurskoðunarferlið. Tilgangur þess er að kanna hvort eitthvað megi bæta í ferlinu.

## 9. Lokaskýrsla

Kaflaskipting lokaskýrslu skal vera eftirfarandi:

1. Samantekt
2. Bakgrunnur atburðar
3. Umfang og markmið endurskoðunar
4. Aðferð
5. Atriði sem endurskoðunin leiddi í ljós
6. Helstu verkþættir
7. Næstu skref
8. Niðurstöður

Mikilvægast er að lokaskýrslan innihaldi áætlun um úrbætur fyrir helstu þætti, með ábyrgðarskiptingu, tímalínu og kostnaðarmati.